

# Við þörfnumst þín til að grípa til aðgerða til að tryggja að sýklalyf séu notuð skynsamlega



## SÝKLALYF ERU NAUÐSYNLEG LYF

til að meðhöndla sýkingar bæði í mönnum og dýrum.



## EN ÞAU ERU AÐ TAPA VIRKNI SINNI

í vaxandi mæli vegna ofnotkunar og rangrar notkunar.

### ÞAÐ SEM ÞÚ ÞARF AÐ VITA:

- Hættan á að sjúkdómsvaldandi örverur þrói með sér ónæmi gegn sýklalyfjum eykst þegar þessi dýrmætu lyf eru notuð á óviðeigandi hátt. Þegar bakteríur eru orðnar ónæmar, verða sýklalyf óvirk og duga ekki lengur til meðhöndlunar á viðkomandi sjúkdómi. Þetta er kallað sýklalyfjaónæmi (Anti-Microbial Resistance, AMR).
- Sýklalyfjaónæmi er ógn við heilbrigði og velferð manna og dýra, hvort sem er í vatni eða á landi. Þróun nýrra sýklalyfja nær hins vegar ekki að halda í við aukið ónæmi gegn þeim sýklalyfjum sem nú þegar eru til. Við þurfum að varðveita það sem við höfum núna!

- Áframhaldandi aðgengi og virkni núverandi sýklalyfjaflokka er nauðsynleg. Ábyrg og skynsamleg meðhöndlun á þessum ómetanlegu lyfjum mun samkvæmt alþjóðlegum stöðlum OIE hjálpa til við að viðhalda virkni þeirra, og þar með aðgengi fyrir bæði heilbrigði manna og dýra.

**VIÐ  
ÞÖRFNUMST  
ÞÍN**



- Saman þurfum við að tryggja ábyrga og skynsamlega notkun á sýklalyfjum í dýr til að varðveita aðgengi og virkni þeirra, og um leið vernda heilsu og velferð manna og dýra. Með því að forgangsraða góðum búskaparháttum, smitvörnum, bólusetningum og góðu hreinlæti getum við viðhaldið heilsu dýra.

” VIÐ HÖFUM ÖLL HLUTVERKI AÐ GEGNA OG ÞÚ, SEM NOTANDI SÝKLALYFJA, GETUR HJÁLPAÐ ”

- Baráttan gegn sýklalyfjaónæmi er forgangsmál hjá Alþjóðadýraheilbrigðisstofnuninni (OIE). Með alþjóðlegu stöðlum sínum berst OIE fyrir skynsamlegri og ábyrgri notkun á sýklalyfjum – sem er nauðsynleg fyrir heilsu manna og dýra – hjá öllum sem koma að heilbrigði dýra, að meðtöldum búfjáreigendum og bændum.



# Búfjáreigendur:

## Þið eruð framleiðendurnir



- Sem búfjáreigendur - hvort heldur sem er stórframleiðendur, rekstrarleyfishafar fiskeldisstöðva, eða tómstundabændur - gegnið þið mikilvægu hlutverki í að fæða heiminn. Þið eruð ábyrgir fyrir því að sjá fyrir öruggum, hollum afurðum til neytenda með því að huga að heilsu og velferð dýra ykkar.
- Ábyrg og skynsamleg notkun felur í sér innleiðingu raunhæfra ráðstafana og ráðlegginga sem miða að því að bæta heilsu og velferð dýra, en um leið fyrirbyggja eða draga úr myndun, þróun og dreifingu á sýklalyfjaónæmi. Bregðist við í dag til að vernda virkni sýklalyfja í framtíðinni.

## Bændur og dýraeigendur ættu að:

- 1** Nota einungis sýklalyf þegar dýralæknir hefur ávísað þeim. Ekki er nauðsynlegt að meðhöndla allar sýkingar með sýklalyfjum.
- 2** Fylgja nákvæmlega skömmtunarfyrirmælum sem dýralæknirinn gefur upp.
- 3** Virða meðferðarlengd samkvæmt ávísun – jafnvel þótt dýrið virðist hafa jafnað sig.
- 4** Notaðeins sýklalyf frá viðurkenndum aðilum sem geta tryggt gæði þeirra.
- 5** Stunda góða búskaparhætti, smitvarnir og starfshætti. Dýraeigendur ættu að útbúa heilbrigðisáætlun fyrir sín dýr, í samráði við sinn dýralækni eða annan dýraheilbrigðisstarfsmann, til að vernda þau gegn sýkingum.
- 6** Halda fullnægjandi skrár um alla sýklalyfjanotkun og rannsóknaniðurstöður.

VIÐ  
PÖRFNUMST  
ÞÍN



@ Frekari upplýsingar: [www.oie.int/amrstandards](http://www.oie.int/amrstandards)



Funded by  
UK Government

2



ALÞJÓÐADÝRAHEILBRIGÐISSTOFNUNIN  
Verndum dýrin, varðveitum okkar framtíð